



# Jafnréttis- og mannréttindastefna 2023-2026



Metnaður – Ánægja – Samvinna - Ábyrgð



## Efnisyfirlit

Inngangur .....	3
Nemendur .....	4
Markmið og áætlun 2023 – 2026 .....	4
Starfsfólk .....	6
Markmið og áætlun 2023 – 2026 .....	6
Foreldrar.....	7
Markmið og áætlun 2023 - 2026.....	7
22. grein jafnréttislaga (skilgreiningar) .....	7
Kynferðisleg áreitni.....	7
Kynbundin áreitni .....	7
Kynbundið ofbeldi .....	7
Markmið og áætlun 2023– 2026.....	8
Endurskoðun.....	8
Verklök.....	8



## Inngangur

Jafnréttis- og mannréttindastefna Grundarskóla Grundarfjarðar er byggð á jafnréttisáætlun Grundarfjarðarbæjar, sem var endurskoðuð og samþykkt í bæjarstjórn Grundarfjarðar 7.apríl 2016.

Markmið með gerð jafnréttis- og mannréttindastefnu Grundarskóla Grundarfjarðar er að stuðla að jafnri stöðu kynjanna og að hver og einn einstaklingur verði metinn út frá eigin forsendum. Þar sem miðað er að því að allt starfsfólk og allir nemendur skólans geti notið sama réttar í öllu skólastarfi án tillits til uppruna, þjóðernis, litarháttar, trúbragða, skoðana, kynferðis, aldurs, efnahags, ætternis, fötlunar, heilsufars eða annarrar stöðu.

Jafnréttis- og mannréttindastefna Grundarskóla Grundarfjarðar var endurskoðuð í ágúst 2023 og samþykkt af skólaráði Grundarskóla Grundarfjarðar og Jafnréttisstofu. Áætlunin er til þriggja ára og verður endurskoðuð næst í ágúst 2026.



## Nemendur

Nemendur eru hvattir til að rækta sérkenni sín til jákvæðra samskipta milli kynja. Kynin eru hvött til þess að taka þátt og hafa áhrif í skólasamfélaginu þar sem jöfn tækifæri eru til þátttöku og áhrifa. Leitast skal við að mæta þörfum allra kynja í skólasterfinu. Leitast verður við að efla umburðarlyndi og auka viðsýni nemenda

## Markmið og áætlun 2023 – 2026

- Kennarar nýti bekkjarfundi og vinni með nemendum að verkefnum sem stuðla að aukinni umræðu og meðvitund um jafnréttismál. Þar sem lögð er áhersla á að þeir rækti með sér samkennd og virðingu fyrir skoðunum og lífsgildum annarra.  
Ábyrgð: Kennarar, stjórnendur og annað starfsfólk  
Hvenær: Alltaf í daglegu skólasterfi
- Nemendum sé gerður ljós munur á viðeigandi og óviðeigandi hegðun í samskiptum kynjanna.  
Ábyrgð: Kennarar, stjórnendur og annað starfsfólk  
Hvenær: Alltaf í daglegu skólasterfi
- Nemendum lærist að þekkja og tjá eigin tilfinningar.  
Ábyrgð: Kennarar, stjórnendur og annað starfsfólk  
Hvenær: Alltaf í daglegu skólasterfi
- Nemendur læri að verða meðvitaðir um áhrif umhverfis, s.s. hópsprýstings á viðhorf og viðhorfamótun.  
Ábyrgð: Kennarar, stjórnendur og annað starfsfólk  
Hvenær: Alltaf í daglegu skólasterfi
- Hafa skal að leiðarljósi að kynjahlutfall sé sem jafnast í nefndum og ráðum sem nemendur eiga sæti í, s.s. nemendaráði. Einnig við hvert tækifæri þegar nemandi eða nemendur skólans koma fram fyrir hans hönd.  
Ábyrgð: Umsjónarmenn nefnda stjórnendur og kennarar  
Hvenær: Við skipan í nefndir og ráð
- Þess skal gætt að námsaðstæður og námsefni nemenda taki mið af því að allir einstaklingar eigi jafna möguleika á að þroska hæfileika sína óháð kyni. Það sé gert með því að breyta hefðbundnum kynjaímyndum og vinna gegn neikvæðum staðalímyndum um hlutverk kynja.  
Ábyrgð: Kennarar og stjórnendur  
Hvenær: Ávallt og við skipulag grunnskólasterfs



- Jafnréttisfræðslu sé fléttað inn í samfélagsgreinar með ýmsum verkefnum sem geta komið til móts við mismunandi þarfir nemenda.  
Ábyrgðaraðili: Kennarar  
Hvenær: Við val á námsefni
- Mörkuð verði stefna í kennslu um varnir gegn fordómum, áföllum og einelti.  
Ábyrgð: Kennarar og stjórnendur  
Hvenær: Við upphaf skólaárs
- Mikilvægt er að námsárangur nemenda sé sem jafnastur eftir kyni. Ef í ljós kemur verulegur munur þarf að grípa til sérstakra aðgerða til að staða kynja verði sem jöfnust t.d. er mögulegt að breyta samsetningu hópa, kennsluháttum og námsefni eða fá aukin stuðning tímabundið.  
Ábyrgð: Stjórnendur  
Hvenær: Um áramót og að vori hvert ár
- Reglulega séu lagðar fyrir nemendur kannanir t.d. líðan, sjálfsmynd, áform og virkni.  
Ábyrgð: Námsráðgjafi, kennarar og stjórnendur  
Hvenær: Jafnt yfir skólaárið t.d. með niðurstöðum úr Skólapúlsinum í október og apríl
- Nemendur læri að tileinka sér víðsýni og umburðarlyndi gagnvart ólíkum einstaklingum og ólíkum menningarheimum.  
Ábyrgð: Kennarar, stjórnendur og annað starfsfólk  
Hvenær: Alltaf í daglegu skólastarfi
- Mikilvægt er að nemendum sé tryggð góð fræðsla s.s. með fyrirlestrum um jafnrétti, mannréttindi og fjölbreytileika.  
Ábyrgð: Stjórnendur  
Hvenær: að lágmarki tvisvar yfir skólaárið
- Mikilvægt er að nemendur þekki Mannréttinda- og barnasáttmála Sameinuðurríkjanna.  
Ábyrgð: Stjórnendur og kennarar  
Hvenær: Alltaf í daglegu skólastarfi



## Starfsfólk

Tryggja skal jafnrétti og jafna stöðu starfsmanna.

### Markmið og áætlun 2023 – 2026

- Orðalag starfsauglýsinga sé fullkomlega í anda jafnréttislaga og við ráðningar til starfa sé gætt jafnréttis. Við ráðningar skal þess gætt að ef um jafn hæfa einstaklinga er að ræða, að ráða starfsmann af því kyni sem er í lægra hlutfalli starfsmannahópsins. Í auglýsingum um laus störf skal vísað í jafnréttisáætlun skólans.  
Ábyrgð: Skólastjóri  
Hvenær: Við auglýsingu starfa og ráðningar
- Tryggja að jafnréttis sé gætt þegar þátttöku í launaðri yfirvinnu stendur til boða þó fagleg færni sé höfð fyrst að leiðarljósi.  
Ábyrgð: Skólastjóri  
Hvenær: Við skipulagningu skólastarfs og þegar við á
- Öll fái jafna möguleika til að þroskast í starfi og auka þekkingu sína. Að skoða árlega endurmenntun og styrki til starfsfólks vegna endurmenntunar óháð kyni.  
Ábyrgð: Skólastjóri  
Hvenær: Við skipulagningu skólastarfs og þegar við á
- Þess skal gætt að starfsmenn hafi jöfn tækifæri til áhrifa á skólaþróun og til mótunar skólastarfs óháð kyni.  
Ábyrgð: Stjórnendur  
Hvenær: Ávallt við stefnumótun og þróun skólastarfs
- Skoða skal reglulega hvernig ábyrgð er dreift og skipulag verkaskiptingar innan skólans. Gæta að jöfn tækifæri kynja séu höfð að leiðarljósi og vinna að því að þar sé jöfnuður.  
Ábyrgð: Stjórnendur  
Hvenær: Ávallt við skipulag verkferla og verkstjórn innan skólans
- Fjölskydುವænn vinnustaður. Vinnutími skal vera sveigjanlegur og fyrirsjáanlegur hvað varðar samræmingu fjölskyldu- og atvinnulífs. Skólinn skal ávallt taka mið af fjölskyldustefnu sveitarfélagsins.  
Ábyrgð: Stjórnendur  
Hvenær: Metið að vori



## Foreldrar

Tryggja skal jafnrétti og jafna stöðu foreldra og forráðamanna.

### Markmið og áætlun 2023 - 2026

- Þess skal gætt að samskipti skólans við fjölskyldur séu til jafns við báða foreldra eða forráðamenn óháð kyni.  
Ábyrgð: Umsjónarkennarar og stjórnendur  
Hvenær: Ávallt í foreldrasamstarfi, s.s. við frétttaflutning og fundarboðun
- Hvetja til þátttöku beggja foreldra/forráðamanna í foreldraviðtölum og skrá upplýsingar um báða foreldra í upplýsingakerfi skólans. Ásamt því að gæta að eins og mögulegt er að báðum foreldrum/forráðamönnum berist upplýsingar frá skólanum.  
Ábyrgð: Stjórnendur, umsjónarkennarar og ritari  
Hvenær: Við nýskráningu nemenda í skólann og ávallt í foreldrasamstarfi
- Þess skal gætt að vilji beggja foreldra/forráðamanna sé hafður að leiðarljósi þegar ákvarðanir eru teknar varðandi nám barna þeirra. Einnig að hvetja til jafnréttis hvað varðar ábyrgð beggja foreldra á námi barna sinna.  
Ábyrgð: Kennarar og stjórnendur  
Hvenær: Ávallt í foreldrasamstarfi

## 22. grein jafnréttislaga (skilgreiningar)

**Kynferðisleg áreitni** telst hvers kyns ósanngjörn eða móðgandi kynferðisleg hegðun, sem er í óþökk og hefur áhrif á sjálfsvirðingu þess sem fyrir henni verður og er haldið áfram þrátt fyrir að skýrt sé gefið í skyn að hegðunin sé óvelkomin. Áreitni getur verið líkamleg, orðbundin eða táknræn. Eitt atvik getur talist kynferðisleg áreitni, ef það er alvarlegt.

**Kynbundin áreitni** er hvers kyns ósanngjörn eða móðgandi hegðun, sem tengist kyni þess sem fyrir henni verður, er í óþökk og hefur áhrif á sjálfsvirðingu þess sem fyrir henni verður og er haldið áfram þrátt fyrir að skýrt sé gefið í skyn að hegðunin sé óvelkomin. Áreitni getur verið líkamleg, orðbundin eða táknræn. Eitt atvik getur talist kynferðisleg áreitni, ef það er alvarlegt.

**Kynbundið ofbeldi** er ofbeldi á grundvelli kynferðis sem leiðir til, eða gæti leitt til, líkamlegs, kynferðislegs eða sálræns skaða eða þjáninga þolenda. Einnig teljast hótanir um slíkt ofbeldi, þvingun eða handahófskennd svipting frelsis á grundvelli kynferðis, bæði í kynlífi og á opinberum vettvangi, til kynbundins ofbeldis. Leiðir til að koma í veg fyrir kynbundna/kynferðislega áreitni og kynbundið ofbeldi Öllum starfsmönnum þarf að vera ljóst að kynbundið ofbeldi, kynferðisleg og kynbundin



áreitni verði aldrei liðin í skólanum. Stjórnendur bera ábyrgð á því að kynbundið ofbeldi, kynferðisleg og kynbundin áreitni viðgangist ekki í skólanum og meðferð slíkra mála er í þeirra höndum. Allt starfsfólk skólans þarf að vera meðvitað um ábyrgð og færar leiðir ef tilvik koma upp sem varða kynferðislega eða kynbundna áreitni, einelti eða annað ofbeldi.

## Markmið og áætlun 2023– 2026

- Starfsfólki og nemendum verði gerð grein fyrir hvað felst í kynbundnu ofbeldi, kynferðislegri og kynbundinni áreitni og hvert skal leita ef slíkt kemur upp.
- Ábyrgð: Stjórnendur og kennarar
- Hvenær: Við upphaf skólaárs og þegar við á hverju sinni
  
- Skólastjórnendur senda út skýr skilaboð til starfsfólks þar sem starfsfólki er gert ljóst að brot á 22.gr jafnréttislaga sé ekki liðin og á henni verði tekið.  
Ábyrgð: Stjórnendur  
Hvenær: Við upphaf skólaárs og þegar við á hverju sinni •
  
- Fræðsla um samskipti á vinnustað um kynferðislega og kynbundna áreitni, kynbundið ofbeldi og einelti.  
Ábyrgð: Stjórnendur  
Hvenær: Þriggja ára fresti
  
- Starfsmönnum verði kynnt áætlun um það hvaða viðurlaga skuli gripið til ef starfsmaður verður uppvís að kynferðislegri og/eða kynbundinni áreitni, kynbundnu ofbeldi eða einelti.  
Ábyrgð: Stjórnendur  
Hvenær: Við upphaf skólaárs og þegar við á hverju sinni
  
- Hópefli starfsfólks.  
Ábyrgð: Stjórnendur og kennarar  
Hvenær: Við upphaf skólaárs og þegar við á hverju sinni

## Endurskoðun

Endurskoða skal jafnréttisáætlunina þriðja hvert ár og framkvæmdaáætlun ár hvert. Verklök

## Verklök

Verklök jafnréttisáætlunar: ágúst 2026